034-2014i

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 34/2014

**frá 8. apríl 2014**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn" í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1040/2013 frá 24. október 2013 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), sem fóðuraukefni fyrir eldissvín og aukategundir svína til eldis, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, og fyrir eldiskalkúna (leyfishafi er Aveve NV) ([1]).

2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1055/2013 frá 25. október 2013 um leyfi fyrir blöndu með ortófosfórsýru sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir ([2]).

3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2013 frá 29. október 2013 um leyfi fyrir bentóníti sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir ([3]).

4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1078/2013 frá 31. október 2013 um leyfi fyrir fúmarsýru sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir ([4]).

5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1113/2013 frá 7. nóvember 2013 um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus plantarum* NCIMB 40027, *Lactobacillus buchneri* DSM 22501, *Lactobacillus buchneri* NCIMB 40788/CNCM I-4323, *Lactobacillus buchneri* LN 40177/ATCC PTA-6138 og *Lactobacillus buchneri* LN 4637/ATCC PTA-2494 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir ([5]).

6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2013 frá 29. nóvember 2013 um leyfi fyrir própansýru, natríumprópíónati og ammóníumprópíónati sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr, svín og alifugla ([6]).

7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

8) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 2zzh (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 334/2012) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

([1]) Stjtíð. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 46.
([2]) Stjtíð. ESB L 288, 30.10.2013, bls. 57.
([3]) Stjtíð. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 33.
([4]) Stjtíð. ESB L 292, 1.11.2013, bls. 7.
([5]) Stjtíð. ESB L 298, 8.11.2013, bls. 29.
([6]) Stjtíð. ESB L 320, 30.11.2013, bls. 16.

„2zzi. **32013 R 1040**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1040/2013 frá 24. október 2013 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með Trichoderma reesei (MUCL 49754), sem fóðuraukefni fyrir eldissvín og aukategundir svína til eldis, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, og fyrir eldiskalkúna (leyfishafi er Aveve NV) (Stjtíð. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 46).

2zzj. **32013 R 1055**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1055/2013 frá 25. október 2013 um leyfi fyrir blöndu með ortófosfórsýru sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 288, 30.10.2013, bls. 57).

2zzk. **32013 R 1060**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2013 frá 29. október 2013 um leyfi fyrir bentóníti sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 33).

2zzl. **32013 R 1078**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1078/2013 frá 31. október 2013 um leyfi fyrir fúmarsýru sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 292, 1.11.2013, bls. 7).

2zzm. **32013 R 1113**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1113/2013 frá 7. nóvember 2013 um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus plantarum* NCIMB 40027, *Lactobacillus buchneri* DSM 22501, *Lactobacillus buchneri* NCIMB 40788/CNCM I-4323, *Lactobacillus buchneri* LN 40177/ATCC PTA-6138 og *Lactobacillus buchneri* LN 4637/ATCC PTA-2494 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 298, 8.11.2013, bls. 29).

2zzn. **32013 R 1222**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2013 frá 29. nóvember 2013 um leyfi fyrir própansýru, natríumprópíónati og ammóníumprópíónati sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr, svín og alifugla (Stjtíð. ESB L 320, 30.11.2013, bls. 16).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 1040/2013, (ESB) nr. 1055/2013, (ESB) nr. 1060/2013, (ESB) nr. 1078/2013, (ESB) nr. 1113/2013 og (ESB) nr. 1222/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. apríl 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. apríl 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.